

Bolungarvíkurkaupstaður
Aðalstræti 12
415 Bolungarvík

Reykjavík, 4. janúar 2023
UST202202-421/S.M.
08.14.02

Reglubundið eftirlit á urðunarstað Bolungavíkurkaupsstaðar

Þann 2. desember 2022 fór fram reglubundið eftirlit á urðunarstað Bolungavíkurkaupsstaðar að Hóli. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin ábending var gerð í eftirlitinu en þrjú frávík komu fram er varða:

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Heimilt er að taka á móti að hámarki 500 tonnum af óvirkum úrgangi á ári sem og viðar- og garðaúrgangi til jarðgerðar. Jarðgerð fer ekki fram á urðunarstaðnum en engu að síður er tekið á móti umtalsverðu magni af timbri og garðaúrgangi sem ekki er heimild fyrir.
2. Gr. 4.4 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 4.1 fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Skil á skráningum fyrir árið 2021 voru ekki fullnægjandi þar sem skráningar vantaði fyrir tl. 2-11 í gr. 4.1.
3. Gr. 3.10 í starfsleyfi. Úrgangur sem lagður hefur verið í urðunarrein skal birgður samdægurs með þekjuefni sem kemur í veg fyrir fok, ónæði, ólykt, hættu og aðgang meindyra. Ekki var um frágang að ræða á urðunarstaðnum.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 25. janúar 2023.

Virðingarfyllst,

Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur

Freyr Ævarsson
sérfræðingur